

13. símafundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn miðvikudaginn 9. september. 2015 kl. 12:00.

Mætt voru: Jósteynn Hermundsson, Reimar Sigurjónsson, Steinunn Leósdóttir, Aðalbjörn Arnarsson, Sölvi Steinn Ólason, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Varaformaður bauð fundarmenn velkomna í símann, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð og eða framkvæmd fundarins. Svo var ekki.

Dagskrá fundar:

1. Umsókn um leyfi til að byggja sólpall við Fjarðarveg 14

Sótt er um að setja sólpall við Fjarðarveg 14 á Þórshöfn samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Nefndin er jákvæð í garð erindisins og leggur til að sveitarstjórn samþykki umsóknina. Samþykkt samhljóða.

2. Umsókn um að minnka skúr við Fjarðarveg 14.

Óskað er eftir því að minnka skúr sem staðsettur er við Fjarðarveg 14 á Þórshöfn.

Umsókn send í kjölfar samráðs við Minjavernd.

Nefndin er jákvæð í garð erindisins og leggur til að sveitarstjórn samþykki umsóknina. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og fundi slitið kl.12:30